

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Brynjar Þór Vigfússon, Ann-Charlotte Fernholm, Einar Ingi Einarsson, Silja Rún Stefánsdóttir, Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

Fundur settur kl. 18:04

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Íslandspóstur – Samantektarskýrsla vegna tilraunaverkefnisins og niðurstöður úr þjónustukönnun
2. Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna iðnaðarsvæðis í landi Akursels, nr. 0385/2024: Auglýsing tillögu (Breyting á aðalskipulagi)
3. Sundlaugin í Lundi
4. Önnur mál

1. **Íslandspóstur – Samantektarskýrsla vegna tilraunaverkefnisins og niðurstöður úr þjónustukönnun**

Norðurþingi barst samantekt frá Íslandspósti varðandi "tilraunaverkefnið" sem hófst í júlí 2023.

Eftir að byggðarráð tók málið fyrir á fundi var því vísað til umfjöllunar í hverfisráðum

Kelduhverfis og Öxarfjarðar.

Þessi samantekt var rædd á fundinum og athugasemdir gerðar við ýmislegt sem fram kom.

Hverfisráð vill benda á að það séu ýmsar rangfærslur í greinargerð Íslandspósts.

Ekki er rétt að hringt hafi verið í alla íbúa Kópaskers.

Bent er á að mögulega hafi verið reynt að hringja en ekki virðist hafa verið reynt aftur hafi fólk ekki svarað.

Ekki er rétt að verkefnið hafi verið vel kynnt fyrir íbúum.

Margir héldu að þetta tilraunaverkefni væri eitthvað sem bærinn hefði verið "settur í".

Þó svo að skráningarblað hafi verið sent í hús töldu margir að það væri bara til málamynda.

Ekki var ljóst fyrir öllum að þetta væri valmöguleiki.

Mörgum sem fannst þessu verkefni þröngvað inn á íbúa bæjarins.

Ekki er rétt að það sé mikil ánægja með verkefnið meðal íbúa.

Íslandspóstur segir að almennt hafi verkefnið gengið vel og komið hafi verið til móts varðandi það sem upp á kom.

Ekkert kom upp á þannig að hverfisráð telur nokkuð frjálsglega farið með fullyrðingar þar.

Hverfisráð gerir athugasemd við þjónustukönnunina sem gerð var og segir hana villandi.

Þar sem einungis 15 af 36 svöruðu er ekki hægt að tala um marktæka könnun.

Mjög villandi er að setja þessar tölur fram sem prósentuhlutfall.

Sem dæmi þá eru 6 sem svara "Mjög vel" og "Frekar vel" en telja samt 40% af heildinni (15 manns).

Hverfisráð bendir á að þetta var tilraunaverkefni og margir sem vilja kvarta gera slíkt að verkefni loknu en ekki á meðan á því stendur.

Tekið er fram að íbúi hringdi í Íslandspóst út af verkefninu og viðkomandi þjónustufulltrúi sem svaraði vissi ekki af þessu verkefni og gat því engu svarað.

Hversu margir þjónustufulltrúar vissu af verkefninu og hvernig var haldið utan um kvartanir, hafi þær borist?

Gerð er athugasemd við að póstur sé að blotna þar sem hólfín virðast ekki vera nægilega þétt.

Hverfisráði finnst ósennilegt að enginn hafi kvartað yfir þessum 667.033 sendingum sem settar voru í póstbox árið 2023 líkt og nefnt var í samantektinni.

Hvað skal gera þegar póstur annarra berst í hólfið?

Ber viðkomandi aðila skylda til að koma þeim pósti á réttan stað eða er hægt að finna auðvelda lausn á því?

Hugmyndir til betrubóta voru ræddar.

Sú hugmynd var viðruð að hvert heimili hefði sitt eigið póstbox.

Hverfisráð telur það verulega einfalt, á svona litlum stað, að merkja hólfi hverju heimili.

Gerð var athugasemd við að pósturinn væri einungis í þrjú daga í póstboxinu, helgi meðtalin, áður en hann væri sendur á Húsavík þangað sem fólk þyrfti að sækja hann.

Þetta gerði fólki erfitt um vik að fara að heiman.

Mesta óánægja íbúa tengist bréfaþósti.

Fólki liggur sjaldnast á að fá bréfaþóst.

Slíkur póstur hefur minnkað mjög mikið undanfarin ár.

Væri hægt að setja bréfaþóst í hólfin einu sinni í viku og fólk hefði viku til að sækja þau?

Með minnkandi bréfaþósti væri hægt að bera hann út í öll hús 1-2 sinnum í viku á meðan þakkar færu í póstbox?

Þegar er borið út í 10 hús og ætti þá ekki að taka langan tíma að bæta við.

Gerð var athugasemd við að einn aðili gæti verið að teppa nokkur pósthólf fyrir fáein bréf.

Fulltrúi í hverfisráði nefnir að hafa sótt þrjú bréf í þrjú hólfi.

Dæmi um góð rök fyrir því að hvert heimili fengi sitt hólfi.

Hverfisráð veltir fyrir sér hvort þetta tilraunaverkefni sé eitthvað sem verði notað til að koma póstboxum á um allt land þar sem það gekk svo vel á Kópaskeri.

Tilfinning hverfisráðs er að Íslandspóstur vilji loka verkefninu án þess að halda íbúafund.

Hverfisráð skorar á Íslandspóst að halda íbúafund um þessa niðurstöðu sem allra fyrst.

2. Umsagnarbeiðni vegna tveggja mála í Skipulagsgátt

Hverfisráði barst tölvupóstur um að Norðurþing hafi óskað eftir umsögn við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt:

- Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna iðnaðarsvæðis í landi Akursels, nr. 0385/2024: Auglýsing tillögu (Breyting á aðalskipulagi)

- Breyting á deiliskipulagi fiskeldis á Núpsmýri í Öxarfirði, nr. 0390/2024: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)

Hverfisráð taldi þetta of stórt mál til að ræða í kjölinn á þessum fundi.

Ákveðið var að hverfisráð myndi lesa yfir þau gögn sem borist hafa vegna málsins.

Í kjölfarið yrði svo tekin ákvörðun um hvort kalla þurfi á fund.

Hverfisráð hefur frest til 4. júlí 2024 til að koma með umsögn um málin.

3. Sundlaugin í Lundi

Á fundi byggðarráðs þann 23. maí 2024 kom eftirfarandi niðurstaða fram varðandi framtíð sundlaugarinnar.

“Byggðarráð tekur undir bókun skipulags- og framkvæmdaráðs að ekki sé forsvaranlegt að ráðast í frekara viðhald að svo stöddu. Ráðið felur sveitarstjóra að fá uppfærða kostnaðaráætlun vegna byggingar á nýrri sundlaug í Lundi. Kostnaðaráætlun þarf að liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin um framtíðaruppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu.”

Hverfisráð fagnar því að vinna sé farin af stað varðandi sundlaugarmál í Öxarfirði og vill ýta á að gerðar verði breytingar strax en ekki að þær verði skoðaðar síðar.

Þrír síðustu rekstraraðilar í Lundi hafa bent á hvað þyrfti að gera en ekkert hefur verið gert.

Hluti hverfisráðs finnst þó ekki sjálfgefið að ný sundlaug verði byggð í Lundi og vill að fleiri kostir verði skoðaðir.

Þó ríkir skilningur gagnvart Öxarfjarðarskóla.

Bent var á kosti við að laugin yrði byggð á Kópaskeri.

Stór hluti grunnskólabarna búa á Kópaskeri og geta nýtt hana betur.

Aukin þjónusta gagnvart öldruðum á Kópaskeri.

Fleiri heimamenn sem gætu nýtt hana en ef hún væri í Lundi.

Þó svo að laugin hafi mikið að segja í ferðamálum þá eru ferðamenn að koma í Ásbyrgi og þar í kring hvort sem sundlaug sé þar eða ekki.

Mikill kostur væri að hafa sundlaug á Kópaskeri sem væri aukið aðdráttarafl til að fá ferðamenn til bæjarins.

Gæti skipt sköpum fyrir þennan þéttbýliskjarna að hafa laugina í bænum.

Hverfisráð hvetur Norðurþing til að halda íbúafund vegna sundlaugarinnar og skólalóðar í Lundi. Þar yrðu lögð fram framtíðarplön fyrir íbúa og vill hverfisráð að sá fundur verði settur á strax í júní að loknum sauðburði

4. Önnur mál

Rætt var um að mikil vöntun sé á ruslafötum á Kópaskeri.

Sérstaklega er vöntun þar sem eru mannamót.

Bent var á Raufarhöfn til samanburðar þar sem mikið er um ruslafötur.

Hverfisráð vill hvetja Norðurþing að setja upp fleiri ruslafötur í bænum.

Rætt var um skólalóðina í Lundi og hvort ekki væri hægt að búa til pláss fyrir starfsmannabíla hinum megin við húsið.

Helsta vandamálið er planið sjálft þar sem börnin eru að leika þar innan um bíla.

Hverfisráð bendir á að hægt væri að stækka bílaplanið í allar áttir.

Það vantar merkingar um að þarna sé skóli og börn að leik.

Bent var á að ekki sé þörf á landslagsarkitekt til að laga skólalóðina.

Hverfisráð vill taka aftur upp umræðu um leikskóla á Kópaskeri.

Ráðið bendir á að svæðið muni ekki draga til sín fjölskyldufólk á meðan skóla- og leikskólamáli séu í lamasessi.

Mikilla bóta er þörf.

Fundi slitið 19:39

Undirritunarsíða

Signe Ann-Charlotte Fernholm

Brynjar Þór Vigfússon

Stefán Haukur Grímsson

Silja Rún Stefánsdóttir

Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir